

Stjórn Eta-deildar 2008 – 2010

Brynhildur Anna Ragnarsdóttir, formaður

Bryndís Sigurjónsdóttir, varaformaður

Inga Margrét Róbertsdóttir, ritari

Kirsten Friðriksdóttir, gjaldkeri

Í Eta deild eru 32 starfandi deildarsystur.

Skipulag yfirstandandi starfsárs byggir á vinnu um stefnumótun og markmiðssetningu og fundir voru skipulagðir á grundvelli stefnunnar sem samþykkt var í lok starfsárs 2007 - 2008. Eta deild er skipuð hópi kröftugra systra sem allar hafa mikið til málanna að leggja.

Samvinna og umsjón með fundum styrkir og eflir innri tengsl okkar og því var sá háttur hafður á að stjórnin skipulagði fyrsta fund vetrarins og lagði línurnar að vetrarstarfinu 2008 – 2009 og deildarsystur skipta með sér verkum hvað varðar umsjón og skipulagningu funda vetrarins.

Fengu hóparnir eitt markmiðanna fjögurra í sinn hlut og skipulögðu fundi með þau að leiðarljósi. Markmið okkar var að virkja allar deildarkonur og að starfið í hópunum gæfi konum tækifæri til að kynnast í starfi.

Fyrsti fundur vetrarins var skipulagður af stjórn Eta deildar út frá markmiðinu: **Að hafa forystu í faglegri umræðu** og var haldinn 29. október kl. 18:30 í Verzlunarskóla Íslands. Umræðuefnið var *Ný menntastefna* og hvaða væntingar bera menn í brjósti til hennar. Guðni Olgeirsson, sérfræðingur í menntamálaráðuneytinu gerði grein fyrir lögunum og spunnust miklar og góðar umræður út frá erindi hans. Auður Torfadóttir flutti orð til umhugsunar og lagði út af ljóði Hannesar Péturssonar *Skeljar* og minnti okkur á að njóta líðandi stundar. Formaður flutti deildinni upplýsingar frá framkvæmdaráðsþingi, sem haldið var í Hafnarfirði 30. ágúst. Undirbúningur vetrarstarfsins hófst með að deildarkonur drógu sig í starfshópa og unnu að skipulagi hver hópur út frá einu markmiði deildarinnar. Birt var á heimasíðu hverjir voru í undirbúningsnefnd fyrir hvern fund og hver var í forsvari fyrir hana.

Jólafundurinn var haldinn í upphafi aðventu eða 2. desember. Að venju var hann haldinn í húsnæði Menntavísindasviðs í Skipholti undir styrkri stjórn Stefaníu Stefánsdóttur, sem hefur einstakt lag á að skapa á hverju ári smekklega og hátíðlega umgjörð og koma Eta systurum í jólaskap. Veitingar voru heldur ekki af verri endanum enda njótum við þar tengsla við Veitingasvið Menntaskólans í Kópavogi.

Soffíu K. Hansen flutti okkur orð til umhugsunar og las ljóð Davíðs Stefánssonar *Jólin* sem var viðeigandi upphaf að góðum fundi.

Hápunktur fundarins var þó inntaka nýs félaga Ólafar Helgu Þór, námsráðgjafa í F.B. Athöfnin fór fram á hefðbundinn hátt og var í höndum Brynhildar Önnu Ragnarsdóttur, formanns Eta deildar, Guðrúnar Hrefnu Guðmundsdóttur fráfarandi formanns og Stefaníu Stefánsdóttur gestgjafa. Að athöfn lokinni sungu félagskonur Kvæðið um fuglana eftir Davíð Stefánsson við lag eftir Atla Heimi Sveinsson undir stjórn Bryndísar Guðmundsdóttur.

Eitt af markmiðum Eta deildar er að fá til samstarfs við deildina konur sem rætur eiga í öðrum menningarheimum og til fá þeirra sýn á starfsvettvang þeirra. Gestur fundarins var Tatyana K. Dimitrova, leikskólastjóri á Bergi á Kjalarnesi. Tatyana er ættuð frá Búlgaríu. Tanja er menntuð fóstur, en hefur einnig B.A. og M.A. gráður í enskum, amerískum og ítölskum bókmenntum frá Háskóla Íslands til viðbótar við leikskólakennaragráðuna. Tanja hefur meðal annars þýtt bók Guðbergs Bergssonar, *Svaninn* yfir á búlgörsku. Tanja er þriggja barna móðir sem hefur búið hér á landi í 20 ár. Vonast er til að hún gangi til liðs við deildina á þessu ári.

Að borðhaldi loknu las Gunnar Hersveinn, heimspekingur og rithöfundur úr bók sinni Orðspor. Að upplestri loknum voru góðar umræður.

Í lok fundar tók Eyrún Gísladóttir upp harmónikkuna og var jólalögum gerð góð skil fram eftir kvöldi.

Undirbúningshópin skipuðu: Auður Torfadóttir, Eyrún Gísladóttir, Margrét Friðriksdóttir, Soffía K. Hansen og Stefanía Stefánsdóttir. Fundarstjóri var Margrét Friðriksdóttir. Jólaljóð dr. Seuss úr bókinni Þegar Tröllli stal jólunum í þýðingu Þorsteins Valdimarssonar fylgdi systurum út í nóttina og jólaannirnar.

Þriðji fundur vetrarins var haldinn á Torvaldsen við Austuvöll 21. janúar 2009. Á Austurvelli hafði safnast fjöldi fólks saman fyrir framan Alþingishúsið í mótmælaskyni – eldar loguðu og bumbur voru barðar, en ró ríkti innandyra og var áhugi mikill á fundarefninu. Fundurinn var skipulagður með markmiðið **Að velja verkefni utan deildar til að vinna að** í huga.

Undirbúningur var á herðum Ástu Lárusdóttur, Gerðar Guðmundsdóttur, Guðrúnar Hrefnu Guðmundsdóttur, Hafðísar Sigurgeirsdóttur, Ólafar Helgu Þór, Vilborgar Jóhannsdóttur.

Hópurinn hafði tekið að sér að kynna sér ýmis verkefni sem deildin gæti komið að með einum eða öðrum hætti og velja það sem þær teldu að fjölbreytt þekking og reynsla Eta kvenna gæti nýst.

Til þessa fundar var boðið fulltrúum frá Rauða krossinum, Breiðholtsdeild Alþjóðahúss og Borgarbókasafni Gerðubergi. Þau skýrðu frá tilraunaverkefni sem verið væri að hleypa af stokkunum um aðstoð við heimanám barna af erlendum uppruna. Verkefnið hefur hlotið heitið Heilahristingur. Erindi þeirra vakti mikinn áhuga deildarkvenna og sáu þær ýmsa fleti á því að koma að þessu verkefni sem faglegur bakhjarl þar sem í deildinni okkar er mikil sérfræðiþekking samankomin. Að loknu erindi gestanna var borin fram eftirfarandi tillaga hópsins:

„Etadeild DKG taki með skipulegum hætti þátt í að afla sjálfbodaliða í verkefnið HEILAHRISTINGUR sem starfrækt verður í Gerðubergssafni Borgarbókasafns á vorönn 2009. Leitað verði til félagskvenna í DKG á höfuðborgarsvæðinu og tengslanets þeirra.“

Tillagan var samþykkt og var Guðrúnu Hrefnu Guðmundsdóttur falið að vera tengiliður og Auði Torfadóttur falið að vera með henni og lýstu þær sig báðar tilbúnar að taka beinan þátt í að aðstoða við heimanám og fleiri lýstu áhuga á þátttöku í því síðar. Brynhildur Anna Ragnarsdóttir og Guðrún Geirsdóttir komu á einn fund með skipuleggjendum verkefnisins og úr varð að Guðrún kynnti verkefnið fyrir nemendum sínum í Háskóla Íslands með það fyrir augum að þeir tækju að sér sjálfbodaliðastörf í verkefninu. Nú þegar hafa nokkrir þeirra skilað sér.

Verkefnið hefur farið rólega af stað. Um er að ræða nemendur á unglíngastigi í Fellaskóla og Hólabrekkuskóla, en í bígerð er að koma af stað sambærilegri þjónustu fyrir nemendur á miðstigi. Í fyrstu var haldinn kynningarfundur og mættu þar velflestir þeirra nemenda sem boðaðir höfðu verið. Aðstoðin er veitt í bókasafninu Gerðubergi á þriðjudögum kl. 14:30 – 16:00 og í lokin eru veitingar þar sem tækifæri gefst til að spjalla óformlega. Fyrstu skiptin var lagt upp úr því að skapa traust og gott andrúmsloft. Nemendur sem leita aðstoðar eru frá

ýmsum löndum og hafa mismunandi bakgrunn hvað íslenskukunnáttu varðar. Sumir hafa náð undraverðum árangri, aðrir hafa verið hér á landi um skamma hríð og standa því höllum fæti. Það hefur nú þegar myndast fastur kjarni, en æskilegt að ná til fleiri.

Auk okkar ETA-kvenna og sjálfboðaliða úr HÍ eru aðrir sjálfboðaliðar að störfum og ef verkefnið eykst að umfangi verður þörf fyrir enn fleiri sjálfboðaliða. Fyrir okkur sem höfum tekið þátt í verkefninu hefur þetta verið mjög ánægjuleg reynsla sem við sjáum bera árangur. Þarna hefur ETA- deild fundið sér verðugt verkefni.

Að efla innbyrðis tengsl okkar var leiðarljós hópsins sem skipulagði **fjórða fundinn**, 2. mars 2009. Fundurinn var haldinn í Gerðubergi eftir að deildarsystur höfðu farið í fróðlega gönguferð í fallettri birtu ljósaskiptanna um Fellahverfið í Reykjavík undir leiðsögn Ólafar Sigurðardóttur, kennara í Fellaskóla. Þegar vel er að gáð hafa flest hverfi Reykjavíkur sögu að segja og hana bæði forna og nýja. Í upphafi fundar fengu konur upplýsingar um ýmislegt sem á döfinni er hjá deildinni og landssamtökunum.

Orðið sem Þórunn Blöndal valdi til umhugsunar var eins og hún lýsti því “stutt og heldur mjóslegið orð”, þrír bókstafir, eitt atkvæði, en þó svo stórt í sniðum að það inniheldur öll önnur orð. Orðið er ‘líf’. Þórunn fjallaði um það hvernig má gera viðburðaríku lífi skil í örfáum orðum; hvernig stórir atburðir verða að einni línu í eftirmælum um fólk. Kveikjan að umfjöllunarefni hennar var ljóðið Sigríður Guðmundsdóttir frá Illugastöðum eftir Þorstein frá Hamri. Undirtitill ljóðsins hljómar svo: Fædd á Vatnsenda í Vesturhópshólasókn 1811, flutt á Tugt-, Rasp- og Forbedringshuset í Kaupmannahöfn 1830, dó þar 5. apríl 1839 og segir hann þónokkra sögu.

Í ljóði Þorsteins er því lýst þeim vonum sem bundnar eru við fæðingu barns en jafnframt því hvernig bágar aðstæður móta þann veg sem fólk fetar. Þórunn rakti í nokkrum orðum tengsl þessarar ungu vinnukonu við þekktar persónur eins og Vatnsenda-Rósu og Natan Ketilsson og hvernig örlög hennar voru ráðin áður en hún náði 17 ára aldri með þátttöku í morði á Natan. Sigríður átti ekki langt líf en þessu litla lífi hennar hefur Þorsteinn frá Hamri gefið framhaldslíf með ljóði sínu.

Tengslaverkefnið gekk út á að konur voru beðnar um að taka með sér einn eða tvo hluti/myndir sem tengjast lífi þeirra og lýsa með einhverjum hætti persónu þeirra og lífi. Með öðrum orðum LÍF fólgði í hlut eða mynd!

Skipulag og umsjón með fundinum var í höndum þeirra: Önnu Magneu Hreinsdóttur, Elísabetar Gunnarsdóttur, Guðrún Geirsdóttur, Kristínar Á. Ólafsdóttur og Þórunnar Blöndal.

Fimmti og síðasti fundur vetrarins, 28. apríl 2009, var í undirbúningi gengið út frá markmiðinu ***Að auka samskipti við konur í öðrum deildum, innan lands sem utan.***

Undirbúningur fundarins var á herðum þeirra Jóhönnu Einarsdóttur, Ósu Knútsdóttur, Ingibjörgu Símonardóttur og Rannveigar Lund.

Fundurinn var haldinn í Árbæjarsafni þar sem Guðný Gerður Gunnarsdóttir, borgarminjavörður og félagi í Kappadeild tók á móti okkur og kynnti fyrir okkur sýninguna *Komdu að leika* sem fjallar um leiki og leikföng barna í Reykjavík á 20. öld. Varpað er ljósi á fjölbreytileika og þróun leikfanga og hvernig leikir endurspeglar samfélagið á hverjum tíma. Fundur Eta deildar fór fram í Dillonshúsi.

Áður en fundarstjórn var afhent umsjónarnefnd fundarins var rætt um reynslu vetrarins af framkvæmd og fyrirkomulagi starfsins í deildinni og voru konur einum rómi sammála um að fyrirkomulagið styrkti kynni kvennanna í milli og dreifði ábyrgðinni á starfi deildarinnar. Markmiðið að virkja allar deildarkonur og að starfið í hópunum gæfi konum tækifæri til að kynnast á vettvangi hlaut góðan hljómgrunn. Ákveðið var að hafa sama lag á næsta starfsár. Rætt var um að hafa sex fundi næsta vetur þar sem fyrsti og síðasti yrði í höndum stjórnar, en deildarkonur skipuleggi fundi eftir markmiðum deildarinnar.

Nokkrar umræður urðu um þátttöku á landssambandsþinginu sem haldið er á Hallormsstað dagana 16. og 17. maí. Farið var yfir helstu staðreyndir í sambandi við staðsetningu, tímasetningu, gistingu og dagskrá þingsins. Fram kom að fáar eiga heimangengt á þessum tíma vegna anna. Einnig komu fram í máli kvennanna vangaveltur um hvort ekki mætti fækka þingunum og láta nægja að halda landssambandsþing annað hvort ár á meðan árferði er eins og það er. Samþykkt var svohljóðandi samþykkt sem umboðsmanni deildarinnar var falið að taka með sér til Hallormsstaðar:

“Félagsfundur haldinn í Eta-deild 28. apríl 2009 beinir þeim tilmælum til Landssambandsins DKG að vegna árferðis verði framlag deilda til Landssambandsins ekki hækkað í ár.”

Jafnframt var samþykkt var að styrkja eina konu til fararinnar, því sem næmi einu flugfargjaldi ef einhver biði sig fram og varð úr að Eyrún Ísfold tæki það að sér.

Rannveig Lund kynnti söfnun til kaupa á „medical tattoo tæki” handa krabbameinsdeild Landspítalans. Þetta tæki er notað til að gera geirvörtu eftir brjóstuppbyggingu. Rannveig er ásamt Ernu Björku Hjaltadóttur í forsvari fyrir þessa söfnun. Söfnunarreikningur fyrir Medical tattoo, 111-05-571002 kennitala 061249-2309.

Orð til umhugsunar flutti okkur Ingibjörg Símonardóttir. Las hún ljóð Stefáns frá Hvítadal: *Svanir fljúga hratt til heiða* og minnti okkur á vorkomuna og sumrið framundan. Veitingar fengum við frá Marenza Paulsson. Líflegar umræður urðu á meðan á borðhaldi stóð. Þegar fundi var slitið var orðið áliðið kvölds en bjart þótt hellirígt hefði allan daginn.

Reykjavík, 6. Maí 2009

Brynhildur Anna Ragnarsdóttir